



Páll Björgvin Guðmundsson
Urriðaholtstræti 18
210 Garðabær

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 21. september 2021
Tilv.: SRN21090041/3.3

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar yður í starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra að fyrirkomulagi almenningssamgangna á Íslandi. Starfshópurinn skal skila af sér tillögum fyrir lok desember 2021 en skipað er til og með 31. desember 2021.

Verkefni starfshópsins er að vinna tillögur til ráðherra að fyrirkomulagi almenningssamgangna á Íslandi. Tillögurnar verða nýttar við vinnu ráðuneytisins við smíði lagafrumvarps um almenningssamgöngur á Íslandi, óháð samgöngumáta, og skulu m.a. miða að samþættu leiðarkerfi og því að efla almenningssamgöngur milli byggða með því að gera þjónustuna aðgengilegri og meira aðlaðandi fyrir notendur. Starfshópurinn skal við störf sín hafa heildarstefnu í almenningssamgöngum milli byggða (Ferðumst saman) til hliðsjónar. Skoða skal verkaskiptingu aðila við skipulagningu og framkvæmd almenningssamgangna og leitast skal við að tryggja að fjárhagsleg ábyrgð og ábyrgð á skipulagningu þjónustu fari saman. Kanna skal hvort tilefni séu til að færa ábyrgð í auknum mæli til sveitarfélaga með lögum. Við vinnuna mun starfshópurinn vinna þarfagreiningu að teknu tilliti til ólíkra samgöngumáta og funda með hagsmunaaðilum. Meðal annars skal lítið til fyrirkomulags regluverks um almenningssamgöngur í nágrenni ák. Lagafrumvarp verður í kjölfarið samið í ráðuneytinu og er stefnt að framlagningu á haustþingi 2022.

Starfshópurinn er svo skipaður:

Jónas Birgir Jónasson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti,
Berglind Kristinsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga,
Árni Grétar Finnsson, Samtök atvinnulífsins,
Páll Björgvin Guðmundsson, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,
Valgerður Gréta Benediktsdóttir, Strætó bs.,
Bergþóra Kristinsdóttir, Vegagerðin.

Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í starfshópnum.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Ólafur Kr. Hjörleifsson